

Nd. **681. Nefndarálit** [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kvatt til fundar við sig ýmsa aðila er mál þetta snertir öðrum fremur. Niðurstaða nefndarinnar er sú að leggja til að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð upplýst er að nefnd sú, er skipuð var hinn 9. apríl 1978 til að endurskoða lög nr. 12 frá 1969 með hliðsjón af fenginni reynslu og til að semja drög að nýrri heilbrigðisreglugerð, mun skila niðurstöðum sínum mjög bráðlega, og í fullu trausti þess, að fjárveitingavaldið sjái til þess að þessari afar þýðingarmiklu starfsemi verði séð fyrir nauðsynlegu fjármagni á fjáráukalögum yfirstandandi árs, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi, 10. maí 1979.

Einar Ágústsson,
form., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Vilmundur Gylfason.

Garðar Sigurðsson.

Matthías Bjarnason.

Bjarnfríður Leósdóttir.